

GJALDSKRÁ

Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir raforku.

I. RAFORKA.

Bæjarveitur Vestmannaeyja selja rafmagn á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Almenn notkun.

A1 Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	kr.	5,90 kWh
Fastagjald	kr.	2 112,00 a

C. Afl- og orkumæling.

C2 Um kW/kWh-mæli, enda sé málraun tækja yfir 40 kW.

Aflgjald	9 226,00 kr/kWa
Orkugjald:	
0–2500 kWh/kW	2,93 kr/kWh
2500–4000 kWh/kW	1,85 kr/kWh
Yfir 4000 kWh/kW	0,94 kr/kWh
Mælaleiga samkvæmt gjaldskrá.	

Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðalálag ársins.

Á tímabilinu 16. maí–15. september er heimilt að leyfa kaupendum að auka aflúttekt sína um allt að 20% án þess að aflgjald hækki.

Sé húshitun innan þessa liðar, sérmæld, þá greiðist ekki sölugjald af þeirri orku.

Ofangreindur taxti fylgi kaupverði Rafveitu Vestmannaeyja á rafmagni, þannig að álagning rafveitunnar sé samkvæmt ákvörðun hverju sinni.

Orkugjald miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.

D. Hitun.

D1 Til hitunar á íbúðarhúsnæði (án sölugjalds).

Orkugjald	2,18 kr/kWh
Fastagjald	2 112,00 kr/a

Ríkissjóður Íslands greiðir 0,36 kr/kWh og Landsvirkjun 0,31 kr/kWh af orkuverðinu, alls 0,67 kr/kWh, fyrir allt að 40 000 kWh ársnotkun á hverja íbúð og kemur sú greiðsla fram á reikningi.

D4 Til hitunar (án sölugjalds).

Orkugjald	2,18 kr/kWh
Fastagjald	2 112,00 kr/a

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru: Að vélaafl, spennar og götulínur þoli álagið, að dómi rafveitustjóra. Búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum rafveitustjóra, en kostnaður greiddur af notanda.

Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga um mesta samtímaafll og ársorkuþörf þess húsrýmis sem hita skal.

F. Önnur raforkunotkun.

- F2 Orkugjald 8,55 kr/kWh
 Fastagjald 2 112,00 kr/a
 til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð, svo og breytingar á eldri mannvirkjum.
- F5 Aflgjald 18 500,00 kr/kWa
 af uppsettu afli til götu- og hafnarlýsingar. Gjald þetta miðast við taxa C2 og 3600 klst. nýtingartíma á ári. Leggi rafveita til búnað til lýsingarinnar og sjái um viðhald hans, greiðir notandi aðrar 18 500,00 kr/kWa fyrir þá þjónustu.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitan leigir mælitæki við því verði sem hér segir:

- 1. Einfasa kWh-mælir 417,00 kr/a
- 2. Þrífasa kWh-mælir 1 581,00 kr/a
- 3. Þrífasa kWh-mælir með straumspennumæli 2 671,00 kr/a
- 4. Þrífasa kW-kWh-mælir 2 671,00 kr/a
- 5. Þrífasa kW-kWh-mælir með straumspennumæli 4 251,00 kr/a

Af öðrum mælitækjum en þeim sem hér eru nefnd, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi rafveitunnar. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald ¹⁾
Málraun	kr.	kr/m
63 A einfasa	39 000,00	1 207,00
63 A þrífasa	43 000,00	1 207,00
100 A þrífasa	68 000,00	1 476,00
200 A þrífasa	141 000,00	1 774,00
315 A þrífasa	213 000,00	Skv. kostnaði
400 A þrífasa	269 000,00	-
710 A þrífasa	489 000,00	-
1200 A þrífasa	829 000,00	-

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald ¹⁾²⁾
		Jarðstrengur
		kr/m
63 A einfasa	7 683,00	1 207,00
63 A þrífasa	10 693,00	1 207,00
100 A þrífasa	11 352,00	1 476,00

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sérstaka spennistöð er að ræða.

- 1) Lengd heimtaugar reiknast 2 m inn fyrir húsvegg á þeim stað, sem rafveitan hefur samþykkt. Eigandi húseignar láti ganga frá röri til ídráttar á heimtaug, sé tengistaður heimtaugarinnar ekki á útvegg.
- 2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði eða lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguforni t.d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjalds.

Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádrögnum hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðar-ákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduopnun kr. 955,00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald kr. 955,00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Fyrir uppsetningu á viðbótarmælitækjum, breytingar á mælingu svo og aðra þjónustu, sem rafveitan veitir, að ósk notanda, skal greiða gjald kr. 955,00.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau sem ákveðin eru í I., II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskráum um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.
3. Heimilt er, með samþykki stjórnar veitunnar, að selja rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.
4. Heimilt er að takmarka eða stöðva notkun tækja, sem valdið geta truflunum á veitukerfinu og/eða óþægindum hjá öðrum notendum.
5. Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða lágan ársnýtingartíma, getur rafveitan takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskráarliði, eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.
6. 25% sölugjald, er innifalið í gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 13. mars 1989, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins, nr. 103, 13. mars 1989 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 342, 5. júlí 1988.

Iðnaðarráðuneytið, 10. apríl 1988.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Guðrún Skúladóttir.